Öxi
17. Mars 2025

Fundur hverfisráðs Öxarfjarðar

Mætt á fundinn:

Ann-Charlotte Fernholm, Brynjar Þór Vigfússon, Silja Rún Stefánsdóttir, Stefán Haukur Grímsson, Þorbjörg Dóra Gunnarsdóttir og Einar Ingi Einarsson.

Fundur settur kl. 17:00

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

1. Framtíð Sólstöðuhátíðar
2. 50 ára afmæli Kópaskersskjálftans
3. Önnur mál

1. Framtíð Sólstöðuhátíðar

Sólstöðuhátíðin á Kópaskeri hefur verið haldin í á annan áratug og almennt verið frekar vel sótt. Hátíðin var upphaflega sett á laggirnar af íbúum sem sáu um skipulagningu og framkvæmd hennar. Hins vegar fór svo að hátíðin endaði á borði sveitarfélagsins og hefur Atvinnu- og samfélagsfulltrúi Öxarfjarðarhéraðs (hér eftir nefndur ASÖ) séð um skipulagningu og framkvæmd hennar. Ekki hefur verið nefnd í kringum hátíðina og hefur ASÖ því séð um hana upp á sitt einsdæmi og hefur veitt aðstoð einungis verið sú sem ASÖ sjálfur hefur getað leitað uppi.
Áhugi á hátíðinni hefur farið minnkandi og árið 2024 var mætingin sú lakasta frá upphafi. Utanaðkomandi þættir höfðu töluvert að segja um það en margir bæjarbúar voru fjarverandi þessa helgi. ASÖ finnst vert að kanna hvort það séu forsendur fyrir því að halda hátíðinni áfram og hvort fólk vilji taka þátt í henni.
Rætt var um hvort og þá hvernig halda skyldi áfram með hátíðina og reifaðar voru ýmsar hugmyndir. Ráðið var sammála því að utanumhald Sólstöðuhátíðar ætti ekki að vera eins manns starf heldur ætti að vera nefnd í kringum hana, rætt var um 4-5 aðila í téða nefnd. Eins þarf að vera stuðningur úr samfélaginu ef halda á hátíðinni áfram. Bent var á mikilvægi þess að ekki sé verið að halda aðra viðburði á sama tíma og hátíðin fer fram. Eins var rætt

um að það yrði að vera til peningur fyrir viðburðum sem trekki að og var hátíðin 2019 nefnd sem dæmi en það ár voru stórir bryggjutónleikar og metaðsókn.
Um miðjan fundinn ákvað hverfisráð að taka að sér hátíðina þetta árið með astoð frá ASÖ. Þetta yrði mögulega framtíðarlausn en ekki var tekin nein ákvörðun um það heldur yrði það skoðað betur á íbúafundi sem líklegast yrði haldinn haustið 2025.
ASÖ hafði útbúið könnun sem hann hugðist senda á bæjarbúa og bar þá könnun undir ráðið. Í ljósi ákvörðunar ráðsins um að taka að sér hátíðina var fallið frá því að senda þá könnun út og frekar bera hana undir bæjarbúa á áðurnefndum íbúafundi.
Farið var yfir verkaskiptingu og fékk hver og einn sitt verkefni. Ákveðið var svo að auglýsa að verið væri að stefna á Sólstöðuhátíð og koma hátíðinni í umræðuna. Óskað væri eftir aðstoð bæjarbúa og mikilvægt að ná eins mörgum og hægt er til að taka þátt. Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi.
Nefndin mun svo hittast aftur eftir ca. mánuð og fara yfir framhaldið.

2. **50 ára afmæli Kópaskersskjálftans**

Þann 13. janúar 2026 verða liðin 50 ár frá því Kópaskersskjálftinn reið yfir. Farið var yfir hvernig hægt væri að minnast þess.
Bent var á að ekki sé mikið um að vera í bænum á þessum tíma árs og því ekki raunhæft að vera með stóran viðburð. Vilji sé þó fyrir því hjá ráðinu að haldin væri minningarstund á þessum degi og var kaffihlaðborð í boði Norðurþings nefnt sem dæmi. Mögulega gæti Skjálftasetrið komið eitthvað að því líka en slíkt þyrfti að ræða á öðrum grundvelli.
Hugmynd kom upp að steypa þessu saman við Sólstöðuhátíð og vera með jarðskjálftaþema en ekki var sú hugmynd rædd frekar en verður hugsanlega tekin aftur upp síðar.

Ekki var tekin ákvörðun um hvað nákvæmlega skal gera en ráðinu finnst mikilvægt að þessa viðburðar verði minnst.

3. **Önnur mál**

Rætt var stuttlega um íþróttastefnu Norðurþings og hefur hverfisráð ekkert út á hana að setja. Ráðinu finnst þetta vera nokkuð metnaðarfull stefna eins og oft vill verða með stefnur og vonast til að henni verði fylgt eftir af festu.

Fundi slitið 18:35 – Fundargerð ritaði Einar Ingi

Undirritunarsíða

Brynjar Þór Vigfússon

Undirritað af:
Brynjar Þór Vigfússon
0910862399
Dags: 26.03.2025
Tími: 15:15:42
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 1c1016c9-b0fc-4e0d-888a-be1fddcca8f0